

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Skaftárhreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulag:

Deiliskipulag í landi Tungu.

Um er að ræða nýtt deiliskipulag fyrir hótél, gistihús og sögusafn á skilgreindu verslunar- og þjónustusvæði innan jarðarinnar Tungu. Svæðið er innan skilgreinds þéttbýlis Kirkjubæjarklausturs skv. aðalskipulagi Skaftárhrepps og liggur sunnan Meðallandsvegur. Aðkomuvegur inn á svæðið er eftir núverandi vegi í Tungu. Áformað er að byggja allt að 75 herbergja hótél ásamt aðstöðu fyrir móttöku og aðra þjónustu. Einnig er áformað að byggja 25 gistihús og sögusafn.

F.h. sveitarstjórnar Skaftárhrepps, 1. ágúst 2017,

Vigfús Þór Hróbjartsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.